

GJALDSKRÁ

fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari sem nemur kr. 20.800 á hverja klukkustund fyrir sérfræðing fyrir verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir.

2. gr.

Ferðakostnaður.

Umhverfisstofnun innheimtir ferða- og upphaldskostnað í samræmi við útlagðan kostnað stofnunarinnar vegna ferða, þó aldrei meir en sem nemur viðmiðum, sbr. gildandi auglýsingu ferðakostnaðarnefndar fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

3. gr.

Innheimta.

Eindagi gjalda skv. gjaldskrá þessari er 30 dögum eftir útgáfu reiknings. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga hafi gjöld ekki verið greidd á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

II. KAFLI

Leyfisveitingar o.fl.

4. gr.

Starfsleyfi og bráðabirgðaheimild fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og útgáfu starfsleyfa samkvæmt 6. gr., sbr. 1. mgr. 53. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og samkvæmt 14. gr., 38. gr. og 64. gr. a., sbr. 64. gr. b. og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjald fyrir vinnslu nýs starfsleyfis er tvíþætt:

- a. Grunn gjald fyrir móttöku umsóknar, grunnvinnu við gerð starfsleyfistillögu, afgreiðslu, auglýsingu, úrvinnslu og útgáfu. Inni í því gjaldi er tímafjöldi starfsmanna, sbr. 1. gr.:

| | |
|-----------------------------|------------------------|
| I. viðauki laga nr. 7/1998 | 832.000 kr. (40 klst.) |
| II. viðauki laga nr. 7/1998 | 624.000 kr. (30 klst.) |

- b. Gjald fyrir frekari vinnu við gerð starfsleyfistillagna, vinnslu og afgreiðslu innsendra athugasemda og fyrir kynningu, þ.m.t. borgarafund um kynningu á starfsleyfistillögu, skal greiða tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu.

Reikningur fyrir grunn gjaldi, sbr. a-lið 2. mgr., skal gefinn út við móttöku umsóknar. Reikningur vegna frekari vinnu, sbr. b-lið 2. mgr. skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Fyrir endurskoðun eða breytingar á starfsleyfi, skv. 6. gr., sbr. einnig 14. eða 15. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og skv. 65. gr., sbr. 14. eða 38. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald, skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sérfræðinga. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti.

Fyrir vinnslu og útgáfu bráðabirgðaheimilda fyrir starfsemi, skv. 7. gr. a laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, skal greiða tímagjald, skv. 1. gr. gjaldskrárinnar vegna vinnu sér-

fræðings. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti.

5. gr.

Notendaleyfi og vottorð vegna útrýmingarefna og plöntuverndarvara.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu notendaleyfa fyrir útrýmingarefnum til eyðingar meindýra og notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum til notkunar í landbúnaði og garðyrkju, þ.m.t. garðaúðun skv. 47. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 31.200 fyrir notendaleyfi sem gefið er út í fyrsta skipti, eða sem nemur 1,5 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- b. kr. 20.800 fyrir endurnýjun á notendaleyfi og gagnkvæma viðurkenningu á notendaleyfi frá öðru EES-ríki, eða sem nemur einnar klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- c. kr. 5.800 fyrir prentun á nýju leyfisskírteini.

Krafa fyrir greiðslu gjaldsins er stofnuð í heimabanka umsækjanda þegar umsókn hefur verið samþykkt.

Hafi útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar drög að starfsréttindaleyfi liggja fyrir.

Heimilt er að veita 55% afslátt af gjaldi fyrir útgáfu á notendaleyfi sem veitt er í fyrsta sinn ef umsækjanda hefur þegar verið veitt notendaleyfi með annað gildissvið.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu vottorða fyrir ábyrgðar-aðila, sbr. 24. gr. efnalaga nr. 61/2013, sem hafa lokið námi eða námskeiði, sbr. a-lið 2. mgr. 47. gr. sömu laga.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 20.800, eða sem nemur einnar klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Hafi útgáfa vottorðs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 6. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu.

6. gr.

Leyfi fyrir notkun erfðabreyttra lífvera.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna meðferðar umsókna samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur.

Gjaldið skal vera kr. 374.000, eða sem nemur 18 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Umhverfisstofnun er heimilt að krefja umsækjanda um endurgreiðslu alls kostnaðar sem fellur til vegna sérstakra rannsókna, úttekta eða kynningar, enda hafi verið haft samráð við umsækjanda um fyrirhugaðar rannsóknir, úttektir eða kynningar og honum gefinn kostur á að draga umsókn sína til baka áður en til slíks kostnaðar er stofnað.

7. gr.

Leyfisveitingar vegna markaðssetningar plöntuverndarvara.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvörum skv. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 2.550.000 fyrir markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru þar sem Ísland er fyrsta land á Evrópska efnahagssvæðinu, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir plöntuverndarvöru sem inniheldur fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- b. kr. 124.800 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES og ætluð er til notkunar í atvinnuskyni, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;

- c. kr. 416.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi á EES og ætluð er til almennrar notkunar, eða sem nemur 20 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- d. kr. 124.800 fyrir umsókn um rýmkun leyfa vegna minni háttar notkunar, sbr. 51. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- e. kr. 124.800 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvöru sem ætluð er til setningar á markað, sbr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- f. kr. 62.400 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum með plöntuverndarvöru sem ætluð er til eigin nota, sbr. 52. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- g. kr. 124.800 fyrir markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru vegna neyðarástands í tengslum við plöntuvernd, sbr. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- h. kr. 124.800 fyrir markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru til rannsókna og/eða þróunar, sbr. 54. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- i. kr. 41.600 fyrir hverja breytingu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, sbr. reglugerð (EB) nr. 1107/2009, sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 544/2015 um plöntuverndarvörur, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- j. kr. 41.600 fyrir hverja breytingu á gagnkvæmri viðurkenningu á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru, sbr. reglugerð nr. 1002/2014 og reglugerð (EB) nr. 1107/2009, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Hafi umsókn um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa á markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu eins fljótt og auðið er. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu markaðsleyfis fyrir plöntuverndarvöru liggur fyrir. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti.

Sömuleiðis getur Umhverfisstofnun endurgreitt umsækjanda um markaðsleyfi fyrir plöntuverndarvöru ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 2. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 80% af gjaldi skv. 2. mgr.

8. gr.

Markaðsleyfi fyrir sæfivörur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna umsókna um markaðsleyfi fyrir sæfivörur skv. 35. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 2.550.000 fyrir landsbundið leyfi fyrir sæfivörur þar sem Ísland er fyrsta land á EES, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir sæfivörur sem innihalda fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- b. kr. 4.100.000 fyrir landsbundið leyfi fyrir flokk skyldra sæfivara, sbr. 3. tölul. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, þar sem Ísland er fyrsta land á EES, þar sem sótt er um markaðsleyfi. Aukagjald fyrir sæfivörur sem innihalda fleiri en eitt virkt efni er kr. 541.000 fyrir hvert virkt efni;
- c. kr. 416.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á landsbundnu leyfi fyrir sæfivörur sem veitt hefur verið í öðru landi en Íslandi, á EES eða sem nemur 20 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- d. kr. 624.000 fyrir gagnkvæma viðurkenningu á landsbundnu leyfi fyrir flokk skyldra sæfivara, eða sem nemur 30 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;

- e. kr. 457.600 fyrir einfaldaða málsmeðferð við leyfisveitingu, sbr. 25. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, eða sem nemur 22 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- f. kr. 748.800 fyrir einfaldaða málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir flokk skyldra sæfivara, sbr. 3. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 sem innleidd er á Íslandi með reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur, eða sem nemur 36 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- g. kr. 62.400 fyrir tilkynningu um vöru sem leyfð er með einfaldaðri málsmeðferð, sbr. 27. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.
- h. kr. 62.400 fyrir tilkynningu um hverja nýja vöru í flokk skyldra sæfivara, sbr. 6. mgr. 17. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.
- i. kr. 124.800 fyrir leyfi fyrir hliðstæðum viðskiptum, sbr. 53. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- j. kr. 124.800 fyrir markaðsleyfi fyrir sæfivöru sem hefur nákvæmlega sömu auðkenni og sæfivara sem þegar hefur fengið markaðsleyfi hér á landi, sbr. reglugerð (ESB) nr. 414/2013, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- k. kr. 124.800 fyrir tímabundna undanþágu (180 dagar) frá markaðsleyfi fyrir sæfivöru, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun sbr. 1. gr.;
- l. kr. 124.800 fyrir undanþágu frá markaðsleyfi fyrir sæfivörur, þar sem nota á sæfivöruna til rannsóknna og/eða þróunarvinnu, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- m. Breytingar á markaðsleyfum fyrir sæfivörum, sbr. reglugerð (ESB) nr. 354/2013:
 - 1. Stjórnsýslulegar breytingar – kr. 62.400, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.
 - 2. Minni háttar breytingar – kr. 62.400, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.
 - 3. Meiri háttar breytingar – kr. 83.200, eða sem nemur fjögurra klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.
- n. 90% af gjaldi skv. a-, b-, c- og d-lið fyrir endurnýjun á markaðsleyfi fyrir sæfivöru eftir því sem við á.

Reikningur skal gefinn út þegar öll gögn hafa borist skv. reglugerð nr. 878/2014 um sæfivörur. Markaðsleyfi eru ekki veitt fyrr en fullnaðargreiðsla hefur borist.

Hafi umsókn um markaðsleyfi fyrir sæfivörur í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að útgáfa á markaðsleyfi fyrir sæfivörur hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu eins fljótt og auðið er. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu markaðsleyfis fyrir sæfivörur liggur fyrir.

Sömuleiðis getur Umhverfisstofnun endurgreitt umsækjanda um markaðsleyfi fyrir sæfivörur ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 2. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 80% af gjaldi skv. 2. mgr.

9. gr.

Flutningur úrgangs milli landa.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs skv. 27. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið skal vera kr. 166.400, eða sem nemur átta klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. Reikningur skal gefinn út við móttöku frumrits umsóknar um samþykki á tilkynningu fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs.

Hafi samþykki tilkynningar fyrir innflutning, útflutning og umflutning úrgangs í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að samþykki tilkynningar hefur í för með sér vinnu umfram

grunnjald skal umsækjanda gerð grein fyrir áætluðu umfangi hennar. Reikningur vegna slíkrar umframvinnu skal gefinn út þegar niðurstaða um samþykki tilkynningar liggur fyrir. Sé um að ræða fleiri en eina sendingu samkvæmt tilkynningu innheimtir Umhverfisstofnun gjald fyrir umsýslu hvernar sendingar umfram þá fyrstu. Gjaldið skal vera kr. 5.200, eða sem nemur 0,25 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. á hverja sendingu. Ef um fleiri en 10 sendingar er að ræða skal gjaldið vera kr. 4.160, eða sem nemur 0,2 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. Reikningur skal gefinn út þegar staðfesting hefur borist á úrvinnslu síðustu sendingar sem tilheyrir viðkomandi tilkynningu.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir eftirlit með flutningi úrgangs milli landa skv. 28. gr. laga nr. 55/2003. Innheimta skal tímagjald skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir sýnatöku við eftirlit með flutningi úrgangs milli landa skv. 16. gr. laga nr. 55/2003.

Gjaldið skal vera kr. 17.800 fyrir hvert sýni.

Umhverfisstofnun innheimtir auk þess útlagðan kostnað fyrir greiningu hvers sýnis. Reikningur fyrir eftirlit og sýnatöku skal gefinn út þegar niðurstaða eftirlits og sýnatöku liggur fyrir.

10. gr.

Losunarleyfi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna útgáfu og breytinga á losunarleyfum rekstraraðila skv. 8. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Gjaldið skal vera:

- a. kr. 707.200 fyrir útgáfu losunarleyfis, eða sem nemur 34 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.;
- b. kr. 124.800 fyrir breytingu á losunarleyfi, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út þegar umsókn um losunarleyfi hefur borist Umhverfisstofnun eða þegar fyrir liggur að breyta þurfi losunarleyfi. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við losunarleyfi í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út samhliða útgáfu eða breytingu á losunarleyfi.

11. gr.

Vöktunaráætlanir rekstraraðila vegna losunar í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum rekstraraðila vegna losunar fyrir hvert viðskiptatímabil skv. 1. mgr. 21. gr. b. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 873.600, eða sem nemur 42 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

12. gr.

Breytingar á vöktunaráætlunum rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna staðfestingar á breytingum á vöktunaráætlunum rekstraraðila skv. 1. mgr. 21. gr. b. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 124.800, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að breyta þurfi vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við staðfestingu á breytingum á vöktunaráætlun rekstraraðila í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar staðfesting á vöktunaráætlun liggur fyrir.

13. gr.

Umsóknir nýrra þátttakenda í staðbundinni starfsemi um losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna nýrra þátttakenda í staðbundinni starfsemi um losunarheimildir skv. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 520.000, eða sem nemur 25 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar afgreiðslu umsókna er lokið.

14. gr.

Skýrslur rekstraraðila um losun gróðurhúsalofttegunda.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum um losun gróðurhúsalofttegunda frá staðbundinni starfsemi skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera kr. 499.200, eða sem nemur 24 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

15. gr.

Áætlun á losun gróðurhúsalofttegunda í staðbundinni starfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun á losun rekstraraðila, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða ef losunarskýrsla er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, sbr. 3. mgr. 21. gr. b. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 166.400, eða sem nemur átta klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að áætla þurfi losun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við áætlun á losun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar áætlun liggur fyrir.

16. gr.

Skýrslur starfsstöðva sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum frá rekstraraðilum starfsstöðva í staðbundinni starfsemi sem undanskildar hafa verið gildissviði viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir skv. 6. mgr. 14. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 208.000, eða sem nemur tíu klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

17. gr.

Skýrslur um starfsemissstig rekstraraðila.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum um starfsemissstig rekstraraðila skv. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 624.000, eða sem nemur 30 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., ef breyting á sér stað;
- b. kr. 208.000, eða sem nemur 10 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., ef engin breyting á sér stað skal tímafjöldi vera 10 klst.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en sem tilgreint er skv. 2. og 3. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

18. gr.

Skýrslur um úrbætur fyrir rekstraraðila.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum rekstraraðila um úrbætur skv. 6. mgr. 21. gr. b laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 208.000, eða sem nemur tíu klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en sem tilgreint er skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila/flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

19. gr.

Vöktunaráætlanir flugrekenda vegna tonnkilómetra í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum flugrekenda vegna tonnkilómetra skv. 4. mgr. 18. gr. og 7. mgr. 19. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 499.200, eða sem nemur 24 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 665.600, eða sem nemur 32 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

20. gr.

*Vöktunaráætlanir flugrekenda vegna losunar
í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á vöktunaráætlunum flugrekenda vegna losunar fyrir hvert viðskiptatímabil skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 499.200, eða sem nemur 24 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 665.600, eða sem nemur 32 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að vöktunaráætlun berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við vöktunaráætlun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki Umhverfisstofnunar á vöktunaráætlun liggur fyrir.

21. gr.

*Breytingar á vöktunaráætlunum flugrekenda
í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna samþykktar á verulegum breytingum á vöktunaráætlunum skv. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 166.400, eða sem nemur átta klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 208.000, sem nemur tíu klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að fyrir liggur að gera þurfi verulega breytingu á vöktunaráætlun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við samþykki á breytingum á vöktunaráætlun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar samþykki á breytingu liggur fyrir.

22. gr.

Skýrslur flugrekenda í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum flugrekenda um losun koldíoxíðs frá flugstarfsemi skv. 1. mgr. 21. gr. b. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 374.400, eða sem nemur 18 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 499.200, eða sem nemur 24 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu flugrekanda í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar

ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

23. gr.

Áætlun um losun koldíoxíðs í flugstarfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir áætlun um losun flugrekanda, hafi losunarskýrsla ekki borist fyrir tilskilinn frest eða ef losunarskýrsla er ófullnægjandi eða hefur ekki verið vottuð, sbr. 3. mgr. 21. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 124.800, eða sem nemur sex klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir flugrekendur sem annast annaðhvort færri en 243 flugferðir á hverju tímabili í þrjú samfelld fjögurra mánaða tímabil eða flugferðir þar sem heildarlosun koldíoxíðs á ári er minni en 25.000 tonn;
- b. kr. 166.400, eða sem nemur átta klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir aðra flugrekendur.

Reikningur skal gefinn út þegar fyrir liggur að áætla þurfi losun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við áætlun á losun í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar áætlun liggur fyrir.

24. gr.

Skýrslur um úrbætur fyrir flugrekendur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna yfirferðar á skýrslum flugrekenda um úrbætur skv. 6. mgr. 21. gr. b laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 208.000, eða sem nemur tíu klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að skýrsla berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi yfirferð skýrslu í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en sem tilgreind er skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að yfirferðin hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila/flugrekanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar yfirferð skýrslunnar er lokið.

25. gr.

Skráningarkerfi fyrir losunarheimildir.

Umhverfisstofnun innheimtir stofngjald og árgjald vegna reikninga sem stofnaðir eru í skráningarkerfi með losunarheimildir skv. VI. kafla A laga nr. 70/2012 um loftslagsmál, með síðari breytingum.

Gjaldið skal vera skv. töflu 1 (upphæð gjalds, eða sem nemur fjölda klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.).

Tafla 1: Stofngjald og árgjald vegna reikninga í skráningarkerfi með losunarheimildir.

| Tegund reiknings | Stofngjald | Árgjald |
|--|------------------------|----------------------|
| Vörslureikningur rekstraraðila | kr. 104.000 (5 klst.) | kr. 62.400 (3 klst.) |
| Vörslureikningur flugrekenda | kr. 104.000 (5 klst.) | kr. 62.400 (3 klst.) |
| Skráningar vottunaraðila | kr. 62.400 (3 klst.) | kr. 62.400 (3 klst.) |
| Viðskiptareikningur | kr. 104.000 (5 klst.) | kr. 62.400 (3 klst.) |
| Afhendingarreikningur fyrir uppboðnar losunarheimildir | kr. 104.000 (5 klst.) | kr. 62.400 (3 klst.) |
| Reikningur ytri vettvangs | kr. 520.000 (25 klst.) | kr. 62.400 (3 klst.) |

Árgjald vegna reiknings reiknast frá þeim degi þegar reikningur er stofnaður. Eingöngu er heimilt að innheimta árgjald margfaldað með X/365 þar sem X stendur fyrir fjölda þeirra daga sem eftir eru í viðkomandi ári þegar reikningur er stofnaður.

Reikningur fyrir stofngjald er gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun um stofnun reiknings. Reikningur fyrir árgjald er gefinn út fyrir fram í upphafi hvers árs eða fyrir fram samhliða útgáfu reiknings fyrir stofngjald. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjöld skv. töflu 1 með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsókn um reikning í skráningarkerfinu í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði.

Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.

26. gr.

Gagnkvæm viðurkenning faggildingar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna afgreiðslu umsókna um gagnkvæma viðurkenningu faggildingar skv. 6. mgr. 21. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál. Gjaldið skal vera kr. 83.200, eða sem nemur fjögurra klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Reikningur skal gefinn út eftir að umsókn berst Umhverfisstofnun. Umhverfisstofnun er þó heimilt að innheimta gjaldið með öðrum hætti og/eða fela öðrum aðilum innheimtu gjaldsins.

Hafi vinna í tengslum við umsóknina í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að umframvinnu er þörf skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu og tilheyrandi kostnaði. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um afgreiðslu umsóknar liggur fyrir.

27. gr.

Leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir leyfi til leiðsagnar með hreindýraveiðum samkvæmt 9. mgr. 14. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994 og endurnýjun slíks leyfis skv. 12. mgr. sömu greinar.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 72.800 fyrir upphaflegt leyfi, eða sem nemur 3,5 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.
- b. kr. 10.400 fyrir endurnýjun leyfis, eða sem nemur 0,5 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

28. gr.

Akstur utan vega.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til aksturs utan vega í tengslum við kvikmyndagerð, viðhald skála og neyðarskýla, sbr. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, nema um sé að ræða framkvæmd sem stuðlar að almannaheill og öryggi almennings. Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Gjaldið skal vera kr. 62.400, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að vinnsla umsóknar um leyfi hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

29. gr.

Leyfi til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til framkvæmda og vegna starfsemi þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum, sbr. auglýsingar og reglugerðir um friðlýst svæði, sbr. 2. mgr. 40. gr. í lögum nr. 60/2013 um náttúruvernd. Reikningur skal gefinn út við móttöku umsóknar.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 62.400, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir umsókn vegna starfsemi, viðburða, rannsókna og athafna.
- b. kr. 83.200, eða sem nemur fjögurra klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir umsókn vegna framkvæmda, kvikmyndagerðar og/eða myndatöku.
- c. kr. 41.600, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., fyrir umsókn vegna ómannaðra loftfara einstaklinga til einkanota á allt að tveimur friðlýstum svæðum.

Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér fleiri vinnustundir fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

Umhverfisstofnun er heimilt að innheimta aukalega gjald sem nemur kr. 41.600, eða sem nemur tveggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., vegna umsókna sem berast innan fimm virkra daga frá fyrirhuguðu verkefni vegna framkvæmda, athafna og viðburða innan friðlýstra svæða og vegna aksturs utan vega vegna kvikmyndagerðar.

Ef Umhverfisstofnun veitir leyfi til aksturs utan vega skv. 28. gr. samhliða leyfi til framkvæmda innheimtir stofnunin einungis gjald fyrir leyfi til framkvæmda.

30. gr.

Leyfi til innflutnings og/eða dreifingar á framandi lífverum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna vinnslu og afgreiðslu umsóknar um leyfi til að flytja inn og dreifa lífandi framandi lífverum, sbr. 1. mgr. 63. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Gjaldið skal vera kr. 104.000, eða sem nemur fimm klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 2. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

31. gr.

Styrkur gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku sem afhent hefur verið á Íslandi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna móttöku og meðhöndlunar á skýrslum birgja um styrk gróðurhúsalofttegunda úr eldsneyti og orku, sem afhent hefur verið hér á landi, skv. 47. gr. m. efnalaga nr. 61/2013.

Gjaldið skal vera kr. 245.000 á hvern birgja.

Reikningur skal sendur birgja eftir að fullnægjandi skýrsla hefur borist inn á vefgátt Orkustofnunar.

III. KAFLI

Eftirlit.

32. gr.

Gjald fyrir mengunarvarnaeftirlit með starfsleyfis skyldri starfsemi.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af fyrirtækjum sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og stunda atvinnurekstur sem talinn er upp í viðauka I, VII og IX með reglugerðinni. Umhverfisstofnun innheimtir gjald

fyrir eftirlit með móttökustöðvum úrgangs skv. 1. mgr. 47. gr. laga, nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs og endurvinnslu skipa skv. 64. gr. b sömu laga.

Vegna reglubundins eftirlits, skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 og eftirlits sem nánar er kveðið á um í starfsleyfi fyrirtækis, skal gjaldið vera sundurliðað með eftirfarandi hætti:

- a. kr. 107.400, eða sem nemur meðalferðakostnaði auk þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.,
- b. innheimt tímagjald skv. 1. gr. svo og gjald í tengslum við útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna eftirlits skv. 5. mgr. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Vegna úttektar stofnunarinnar vegna rekstrarstöðvunar, sbr. ákvæði starfsleyfis, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr., ferðakostnað skv. 2. gr. og annan útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar úttektarskýrsla liggur fyrir.

Vegna sýnatöku í tengslum við eftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. svo og útlagðan kostnað. Reikningur skal gefinn út þegar niðurstaða sýnatöku liggur fyrir.

33. gr.

Sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald, skv. sérstöku samkomulagi við framkvæmdaraðila, vegna kostnaðar stofnunarinnar við sérstakt eftirlit með mannvirkjagerð og öðrum framkvæmdum, skv. 1. mgr. 76. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd að teknu tilliti til innra eftirlits framkvæmdaraðila. Framkvæmdaraðili greiðir tímagjald skv. 1. gr. og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

34. gr.

Eftirlit með starfsemi með erfðabreyttar lífverur.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna eftirlits með starfsemi samkvæmt lögum nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur og reglugerðum settum með lagastoð skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 18/1996.

Gjaldið skal vera kr. 62.400, eða sem nemur þriggja klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. Hafi eftirlit í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. Ef í ljós kemur að eftirlitið hefur í för með sér umframvinnu skal rekstraraðila gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar eftirlitsskýrsla liggur fyrir.

Þegar um umfangsminni starfsemi er að ræða svo sem afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera á rannsóknarstofum þar sem starfsemi hefur verið óbreytt lengur en 1 ár er einnig heimilt að miða eftirlitsgjald við tímagjald, sbr. ofangreint.

Umhverfisstofnun getur endurgreitt rekstraraðila ef í ljós kemur að vinna við eftirlitið tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 1. mgr. gefur til kynna.

Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærrí en nemur 50% af gjaldi skv. 1. mgr.

35. gr.

Eftirlit með móttöku úrgangs frá skipum.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af rekstraraðila hafna sem stofnunin hefur eftirlit með skv. 1. mgr. 11. gr. d. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Vegna reglubundins eftirlits með móttökuaðstöðu í höfnum, þ.m.t. skoðun á tilkynningum um úrgang og farmleifar, skal innheimta gjald sem hér segir:

| Eftirlitsflokkur: | Upphæð kr.: |
|-------------------|-------------|
| 1. flokkur | 240.000 |
| 2. flokkur | 201.000 |
| 3. flokkur | 148.000 |

Ef upp koma frávik við eftirlit er Umhverfisstofnun heimilt að fara í aukaeftirlit og skal stofnunin þá innheimta eftirlitsgjald í samræmi við framangreinda gjaldskrá.

Reikningur skal gefinn út þegar eftirlitskýrsla Umhverfisstofnunar liggur fyrir.

Umhverfisstofnun útbýr eftirlitsáætlun til fimm ára í senn vegna eftirlits með aðstöðu fyrir móttöku úrgangs og farmleifa frá skipum í höfnum. Í eftirlitsáætluninni skal vera yfirlit yfir eftirlitsferðir og skipulag eftirlits með móttökuaðstöðu í höfnum.

Reglubundið eftirlit með höfnum fer fram að lágmarki á fimm ára fresti.

36. gr.

Eftirlit með framleiðendum og innflytjendum rafhlaðna og rafgeyma.

Úrvinnslusjóður skal, fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda rafhlaðna og rafgeyma, standa skil árgjöldum sem þeir bera vegna eftirlits Umhverfisstofnunar með framleiðendum og innflytjendum rafhlaðna og rafgeyma, sbr. 36. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs. Úrvinnslusjóður skal fyrir hönd framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja standa skil á gjöldum sem þeir bera vegna eftirlits með framleiðendum og innflytjendum raf- og rafeindatækja, sbr. 52. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal vera kr. 5.241.600, eða sem nemur 36 eftirlitsverkefnum á ári sem taka að jafnaði sjö klst. hvert við vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. Reikningur skal gefinn út í maí fyrir það ár sem eftirlitið nær yfir.

37. gr.

Umhverfistjón.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald af rekstraraðila, sem ábyrgð ber á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni, vegna kostnaðar við eftirlit, vöktun, vinnuframlag, málsmeðferð og ferðakostnað, auk annars útlagðs kostnaðar stofnunarinnar, sbr. 30. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Greiða skal tímagjald skv. 1. gr. vegna eftirlits, vöktunar og málsmeðferðar. Að auki skal greiða ferðakostnað skv. 2. gr. Þá skal rekstraraðili greiða allan annan útlagðan kostnað stofnunarinnar skv. lögum um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012.

Umhverfisstofnun skal við upphaf máls gera rekstraraðila grein fyrir því að stofnunin muni innheimta gjald vegna vinnu sinnar skv. grein þessari. Stofnunin skal einnig gera rekstraraðila reglulega grein fyrir uppsöfnuðum kostnaði stofnunarinnar.

38. gr.

Eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða.

Vegna eftirfylgni eftirlits og beitingar þvingunarúrræða skv. VI. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, IX. kafla laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur, XII. og XIII. kafla efnalaga nr. 61/2013, V. kafla laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og 48. gr. laga nr. 55/2003, um meðhöndlun úrgangs, skal innheimta tímagjald samkvæmt 1. gr. gjaldskrár þessarar auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun um beitingu þvingunarúrræðis liggur fyrir. Reikningur vegna eftirfylgni eftirlits skv. efnalögum skal gefinn út þegar fullnægjandi úrbótum hefur verið skilað og eftirfylgni er lokið. Umhverfisstofnun er þó í sérstökum tilvikum heimilt að innheimta gjaldið í kjölfar ákvörðunar um þvingunarúrræði.

IV. KAFLI

Meðhöndlun úrgangs.

39. gr.

Skráningarkerfi framleiðenda og innflytjenda raf- og rafeindatækja og rafhlaðna og rafgeyma sem og eftirlit með þeim.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald til að standa undir kostnaði vegna reksturs skráningarkerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja skv. 50. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og skráningarkerfis fyrir framleiðendur og innflytjendur rafgeyma og rafhlaðna skv. 36. gr. laga nr. 55/2003. Árgjaldið greiðist árlega af þeim framleiðendum og innflytjendum sem skráðir eru í skráningarkerfið og er upphæðin kr. 700. Úrvinnslusjóður skal, fyrir hönd framleiðenda og inn-

flytjenda, standa skil á gjöldum sem þeir bera vegna reksturs skráningarkerfis Umhverfisstofnunar til stofnunarinnar. Reikningur skal gefinn út í september fyrir árgjald aðila sem eru í skránni á tímabilinu 1. september til 31. ágúst það ár sem árgjaldið nær yfir.

40. gr.

Lokun urðunarstaðar.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir gerð fyrirmæla um lokunaraðgerðir, vöktun og umsjón með því svæði þar sem rekinn hefur verið urðunarstaður, sbr. 6. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Gjaldið skal vera kr. 832.000, eða sem nemur 40 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr., ásamt gjaldi vegna útlagðs kostnaðar s.s. þinglýsingar.

Enn fremur skal greiða tímagjald skv. 1. gr. auk ferðakostnaðar skv. 2. gr. fyrir vettvangsskoðun og mat á upplýsingum skv. 1. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar um lokun og fyrirmæli um frágang og vöktun liggja fyrir.

Fyrir yfirferð vöktunar- og mæligagna urðunarstaðar skal greiða tímagjald skv. 1. gr. Reynist nauðsynlegt að fara í eftirlit s.s. til að staðreyna að ákvæðum um frágang hafi verið fullnægt skal jafnframt greiða tímagjald skv. 1. gr.

Fyrir endurskoðun á fyrirkomulagi vöktunar eftir lokun urðunarstaðar, sbr. 3. mgr. 43. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skal greiða tímagjald skv. 1. gr. fyrir vinnu sérfræðings. Reikningur skal gefinn út þegar ákvörðun Umhverfisstofnunar um fyrirkomulag vöktunar liggur fyrir.

41. gr.

Ráðgefandi álit um endurnýtingu úrgangs.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu ráðgefandi álits á því hvort úrgangur hætti að vera úrgangur þegar hann hefur farið í gegnum tiltekna endurnýtingaraðgerð, sbr. reglugerð um endurnýtingu úrgangs. Fastagjald fyrir móttöku umsóknar og grunnvinnu við gerð álitsins skal vera kr. 832.000 eða sem nemur 40 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr. Reikningur skal gefinn út þegar fullnægjandi umsókn hefur borist. Ráðgefandi álit er ekki veitt fyrr en fullnaðargreiðsla hefur borist, sbr. 2. og 3. mgr.

Hafi vinna við gerð ráðgefandi álits í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur gjaldi skv. 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. sem og útlagðan kostnað. Þegar ljóst er að vinna við ráðgefandi álit hefur í för með sér umframvinnu eða umframkostnað skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þess eins fljótt og auðið er. Þetta ákvæði á jafnframt við hafi Umhverfisstofnun, að höfðu samráði við umsækjanda, kallað til sérfræðinga til ráðgjafar vegna vinnslu ráðgefandi álits, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar um endurnýtingu úrgangs.

Umhverfisstofnun getur endurgreitt umsækjanda um ráðgefandi álit ef í ljós kemur að vinna við umsókn tekur mun skemmri tíma og er ódýrari en gjald skv. 1. mgr. gefur til kynna. Endurgreiðsla getur þó aldrei verið hærri en sem nemur 50% af gjaldi.

V. KAFLI

Hæfnispróf og námskeið.

42. gr.

Hæfnispróf og veiðinámskeið fyrir veiðimenn.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf fyrir veiðimenn og veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófa á fyrir fram auglýstum tíma skv. 11. gr. laga, nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Stofnunin innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða, sbr. 4. mgr. 11. gr. laganna, í samræmi við eftirfarandi:

Gjaldið skal vera:

- kr. 12.200 prófgjald fyrir hæfnispróf á auglýstum próftíma;
- kr. 15.200 prófgjald fyrir hæfnispróf utan auglýstra próftíma að ósk viðkomandi einstaklings (einkapróf);
- kr. 23.000 fyrir veiðinámskeið til undirbúnings hæfnisprófi og hæfnispróf.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið eða próf þreytt.

43. gr.

Námskeið og próf í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum.

Umhverfisstofnun heldur námskeið í leiðsögn með hreindýraveiðum í samræmi við 10. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna námskeiða og prófa í kjölfar námskeiða í leiðsögn með hreindýraveiðum sem og vegna námskeiðs vegna endurnýjunar leyfa í samræmi við 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gjaldið skal vera:

- a. kr. 320.000 fyrir námskeið og próf í kjölfar námskeiðs;
- b. kr. 16.000 fyrir námskeið vegna endurnýjunar leyfis. Greiða skal gjaldið áður en námskeið er setið.

44. gr.

Verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn.

Umhverfisstofnun heldur verkleg skotpróf fyrir hreindýraveiðimenn og leiðsögumenn samkvæmt 11. mgr., sbr. 8. og 9. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna verklegs skotprófs í samræmi við 11. mgr. 14. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gjaldið skal vera kr. 4.500.

45. gr.

Hæfnispróf og námskeið í landvörslu.

Umhverfisstofnun heldur hæfnispróf og námskeið í landvörslu í samræmi við 3. mgr. 80. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna hæfnisprófa og námskeiða til landvörslu, sbr. 3. mgr. 80. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Gjaldið skal vera kr. 155.000.

Greiða skal gjald vegna hæfnisprófa eða námskeiða áður en námskeið er setið.

VI. KAFLI

Leyfisveitingar vegna CITES.

46. gr.

Innflutningsleyfi, útflutningsleyfi og endurútflutningsleyfi vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði vegna vinnu við umsóknir um leyfi til innflutnings, útflutnings og endurútflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar, nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið skal vera kr. 20.800, eða sem nemur 1 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Sé útgáfa leyfis umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. Þegar ljóst er að útgáfa leyfis hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu leyfis liggur fyrir.

47. gr.

Vottorð um aðflutning úr sjó vegna CITES.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald til að standa undir kostnaði við útgáfu vottorða um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegunda sem taldar eru upp í I. til III. viðauka samningsins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldið skal vera kr. 20.800, eða sem nemur 1 klst. vinnu hjá Umhverfisstofnun, sbr. 1. gr.

Sé útgáfa vottorðs umfangsmikil og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en fjallað er um í 1. mgr. er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu skv. 1. gr. gjald-

skrárinnar. Þegar ljóst er að útgáfa vottorðs hefur í för með sér umframvinnu skal umsækjanda gerð grein fyrir umfangi þeirrar vinnu. Reikningur vegna frekari vinnu skal gefinn út þegar ákvörðun um útgáfu vottorðs liggur fyrir.

VII. KAFLI

Bráðamengun hafs og stranda.

48. gr.

Eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun.

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir kostnaði stofnunarinnar við eftirlit vegna bráðamengunar og aðgerða til að draga úr slíkri mengun, skv. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Mengunarvaldur greiðir tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar og ferðakostnað skv. 2. gr. auk annars beins útlagðs kostnaðar við eftirlitið. Um útgáfu reikninga meðan á hinu sérstaka eftirliti stendur fer skv. samkomulagi aðila.

49. gr.

Leiga mengunarvarnabúnaðar.

Umhverfisstofnun krefur mengunarvald um gjald fyrir notkun á mengunarvarnabúnaði ef um er að ræða mengun af völdum olíu, eiturefna eða hættulegra efna eða annarrar atvinnustarfsemi, sbr. 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Mengunarvaldur skal auk gjalds skv. 1. og 5. mgr. greiða útlagðan kostnað við flutning og notkun mengunarvarnabúnaðar, ásamt yfirferð og hreinsun á búnaðinum ef þörf krefur. Áætla skal kostnað við yfirferð og hreinsun á búnaði og skal mengunarvaldi gefinn kostur á að koma að athugasemdum áður en verk er hafið.

Sé búnaður fluttur af geymslustað Umhverfisstofnunar og gerður tiltækur án beinnar notkunar hans skal greiða Umhverfisstofnun fyrir leigu á búnaðinum, en þó skal veittur 50% afsláttur.

Eyðileggist búnaður við notkun getur Umhverfisstofnun krafist mengunarvald um kostnað við endurnýjun hans að teknu tilliti til ástands búnaðar fyrir notkun, aldurs hans og eðlilegra afskrifta, nema ef skemmdirnar hafa orðið vegna handvammur eða mistaka umsjónarmanns búnaðarins.

Kostnaður við notkun búnaðar annars staðar frá, sem og vinna við beitingu búnaðarins telst beinn útlagður kostnaður og greiðist af mengunarvaldi.

Fyrir leigu á mengunarvarnabúnaði í eigu Umhverfisstofnunar greiðist samkvæmt sundurliðun í eftirfarandi töflu:

| Olíuflotgirðingar | Leiga pr. einingu kr. | | | |
|--|-----------------------|-------------|--------------|-------------|
| | Tegund | lengd | eining | dagur klst. |
| EXPANDY 3000 | 300 | 25 m | 21.000 | 2.300 |
| EXPANDY 4300 | 700 | 15 m | 25.500 | 2.900 |
| Olíuupptökutæki | Tegund | fjöldi | upptaka | dagur klst. |
| Komera | 2 | 12 tn/klst. | 128.000 | 11.500 |
| Foxtail | 2 | 20 tn/klst. | 160.000 | 16.000 |
| Innifalið í leigu: | | | | |
| Orkustöð | | | | |
| Tengistykki til að tengja inn á önnur vökvakerfi | | | | |
| Annar búnaður | Tegund | fjöldi | eining/lengd | dagur klst. |
| Rafstöðvar | 2 | | 6.250 | 625 |
| Háþrýstidælur | 2 | | 6.250 | 625 |
| Olíubarkar | 600 | 20 m | 26.000 | 2.900 |

VIII. KAFLI
Önnur verkefni.

50. gr.

Innkaupanetið.

Umhverfisstofnun innheimtir árgjald vegna frjálsrar þátttöku fyrirtækja og stofnana í Innkaupanetinu.

Gjaldið er kr. 139.000.

Reikningur fyrir árgjaldi skal gefinn út í janúar. Sé um nýskráningu að ræða er greitt hlutfall af árgjaldi og reikningur gefinn út við móttöku umsóknar.

51. gr.

Ljósrit eða afrit af skjölum.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli laga um upplýsingar um umhverfismál er heimilt að krefjast kr. 37 fyrir hverja blaðsíðu í stærðinni A4 eða A5. Fyrir ljósrit eða afrit skjala í stærðinni A3 er heimilt að krefjast kr. 73 fyrir hverja blaðsíðu og kr. 73 í stærðinni A2.

Þegar skjal er endurritað samkvæmt beiðni er heimilt að krefjast kr. 183 fyrir hverja blaðsíðu.

Fyrir afrit af öðrum gögnum en skjölum, s.s. myndum, teikningum, örfiljum, myndböndum og hljóðupptökum, má heimta þann kostnað sem af afrituninni leiðir.

Þegar fjölföldunaraðstaða er ekki fyrir hendi eða umfang verks telst verulegt er heimilt að fela öðrum að annast ljósritun, afritun eða endurritun skjala eða annarra gagna. Fyrir aðkeypta þjónustu skal greitt samkvæmt reikningi þess er hana annast.

Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda gjaldskrár sem forsætisráðherra setur.

52. gr.

Aðgangseyrir.

Umhverfisstofnun er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir opnun gestastofu utan hefðbundins opnunartíma.

Beiðandi greiðir tímagjald skv. 1. gr. gjaldskrárinnar.

Umhverfisstofnun er heimilt að semja við önnur söfn eða ferðaþjónustuaðila um sameiginlega sölu aðgangs að nokkrum söfnum eða viðburðum.

53. gr.

Þjónustugjöld.

Umhverfisstofnun er heimilt að taka þjónustugjald á friðlýstum svæðum eða náttúruverndarsvæðum í umsjón stofnunarinnar í samræmi við 2. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd.

Þjónustugjald er innheimt á bílastæðum vegna kostnaðar sem fellur til á svæðinu svo sem vegna landvörslu, salerna, umhirðu sorps og viðhalds innviða.

Fyrir hvert ökutæki sem er lagt í gjaldskyldu bílastæði innan friðlýstra svæða eða á náttúruverndarsvæðum í umsjón stofnunarinnar ber að greiða:

- a. Fólksbifreið með allt að 5 sætum, kr. 750.
- b. Fólksbifreið með 6 til 9 sætum, kr. 1.000.
- c. Rútur með 10 til 18 sætum, kr. 2.000.
- d. Rútur með 19 til 32 sætum, kr. 4.000.
- e. Rútur með 33 til 64 sætum, kr. 7.500.
- f. Bifhjól, kr. 300.

Gjaldið gildir í 24 tíma frá því að lagt er í gjaldskylt stæði.

Þar sem ekki er innheimt gjald á bílastæði er Umhverfisstofnun heimilt að taka sérstakt gjald fyrir aðgang að salernum á friðlýstum svæðum sem og á öðrum náttúruverndarsvæðum í umsjón stofnunarinnar. Gjaldið er kr. 250 á mann.

54. gr.

Bæklingar.

Í tengslum við rekstur náttúruverndarsvæða er Umhverfisstofnun heimilt að selja fræðslubæklinga. Verð fyrir hvern bækling er kr. 1.000. Heimilt er að veita allt að 20% afslátt af verði bæklinganna ef fleiri en 100 bæklingar eru seldir í einu.

IX. KAFLI

Gildistaka og lagastoð.

55. gr.

Lagastoð.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt heimild í eftirfarandi ákvæðum laga:

- a. 54. gr. efnalaga nr. 61/2013,
- b. 4. mgr. 11. gr. laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum,
- c. 53. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir,
- d. 92. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd,
- e. 26. gr. laga nr. 18/1996, um erfðabreyttar lífverur,
- f. 29. gr. og 65. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs,
- g. 3. mgr. 11. gr. d. og 2. mgr. 21. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda,
- h. 39. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál,
- i. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 23/2006, um upplýsingarétt um umhverfismál,
- j. 1. mgr. 30. gr. laga um umhverfisábyrgð, nr. 55/2012,
- k. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 85/2000, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Gjaldskráin öðlast gildi 1. janúar 2024. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir verkefni og þjónustu Umhverfisstofnunar, nr. 535/2015.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 18. desember 2023.

F. h. r.

Stefán Guðmundsson.

Ólafur Darri Andrason.